

Veiðifélag landmannafréttar Götu
Skarð, Landsveit
851 Hella

24. september 2025
UOS2501501/K.G.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 1. september 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Veiðifélag landmannafréttar Götu þann 7. júlí 2025. Þann 22. september 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heildarlífmassi var 615 kg í lok árs 2024, sem er yfir mörkum starfsleyfis. Frávik er opið.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er unnið að umsókn um breytingu á starfsleyfi félagsins. Óskað verður eftir að leyfið geri ráð fyrir aukningu upp í allt að 2.000 kg. lífmassa í stað 50 kg. í núverandi starfsleyfi. Vinna við umsókn til MAST er hafin og verið að leita eftir upplýsingum til að svara nokkrum atriðum í staðlaðri umsókn á vefsíðu MAST. Áætlað er að umsókn verði fullgerð og innsend eigi síðar en þann 20. október 2025.

2. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heildarlífmassi var 486.6 kg í lok árs 2023, sem er yfir mörkum starfsleyfis. Frávik er opið.

Vísað er í ofangreinda áætlun um úrbætur varðandi frávik 1, sótt verður eftir breytingu á starfsleyfi með þeim hætti að óskað verður eftir að leyfilegur lífmassi verði aukinn í allt að 2.000 kg. og verði sent til MAST eigi síðar en þann 20. október 2025.

3. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heildarlífmassi var 382,9 kg í lok árs 2022, sem er yfir mörkum starfsleyfis. Frávik er opið.

Vísað er í ofangreinda áætlun um úrbætur varðandi frávik 1, sótt verður eftir breytingu á starfsleyfi með þeim hætti að óskað verður eftir að leyfilegur lífmassi

verði aukinn í allt að 2.000 kg. og verði sent til MAST eigi síðar en þann 20. október 2025.

4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað með ófullnægjandi upplýsingum fyrir árið 2023. Frávik er opið.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður bætt úr þessu með því að senda inn uppfært ársyfirliti vegna ársins 2023 eigi síðar en 20. október 2025.

5. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað með ófullnægjandi upplýsingum fyrir árið 2022. Frávik er opið.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður bætt úr þessu með því að senda inn uppfært ársyfirliti vegna ársins 2022 eigi síðar en 20. október 2025.

6. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað með ófullnægjandi upplýsingum fyrir árið 2024. Fráviki er lokið.

7. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun á fosfór og köfnunarefni yfir mörkum fyrir árið 2023. Fráviki er lokið.

8. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun á fosfór og köfnunarefni yfir mörkum fyrir árið 2022. Fráviki er lokið.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Teymi Eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

Teymi Eftirlits